

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 2. apríl 2024

Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til laga um slit ógjaldfærra opinberra aðila, 705. mál.

Í október 2022 kynnti þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um stöðu IL-sjóðs en alkunna er að fjárhagsstaða sjóðsins er ekki góð og nokkuð fyrirséð að reyna myndi á ábyrgð ríkissjóðs samkvæmt skuldbindandi samningum en ríkið hafði á árinu 2004 frumkvæði að gerð þeirra samninga.

Í stuttu máli ganga áform stjórnvalda að lausn á fjárhagsvanda IL-sjóðs út á það að ríkið hlaupist undan skuldbindingu sinni og standi ekki við gerða samninga. Viðsemjendur ríkisins í þessum viðskiptum eru að stærstum hluta lífeyrissjóðir sem hafa það hlutverk að varsla og ávaxta fé sjóðfélaga sem ætlað er til greiðslu lífeyris. Í þessu sambandi ber að áréttta þá vel þekktu og viðurkenndu meginreglu íslensks réttar að *samningar skulu standa, Pacta sunt servanda*.

Áformin um slit IL-sjóðs eru nú sett fram með frumvarpi sem hefur það yfirbragð að vera almenn lög sem taki til slita á ógjaldfærum opinberum aðilum. Öllum má þó ljóst vera að frumvarp þetta er sett fram í þeim eina tilgangi að „leysa“ fjárhagsvanda IL-sjóðs með beinu inngripi í tiltekna samninga, þ.e. skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur gengist í ábyrgð fyrir. Mál þetta var fyrst kynnt í samráðsgátt stjórnvalda sem áform um lagasetningu um slit IL-sjóðs og síðar voru birt drög að frumvarpi sem eðlilega sættu verulegri gagnrýni en hafa þrátt fyrir það nánast óbreytt orðið að því stjórnarfrumvarpi sem hér er til umsagnar.

Þessum áformum stjórnvalda um slit IL-sjóðs hefur verið harðlega mótmælt og hefur fjöldi ítarlegra lögfræðilegra álitserða verið aflagð og engum vafa undirorpið að ríkið er í ábyrgð fyrir skuldbindingum sjóðsins og verði honum slitið ber því að greiða kröfuhöfum sem nemur fullum efnendum. Skuldabréfin eru kröfuréttarlegar eignir sem njóta sem slíkar bæði verndar skv. 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur lagagildi á Íslandi.

Áhersla skal hér lögð á að kröfueigendur eiga að vera fjárhagslega eins settir, þeir eiga að fá sem nemur fullum efnendum. Það liggur í hlutarins eðli að sú fjárhæð sem ríkið hyggst spara sér, ef svo má að orði komast, með slitum á ÍL-sjóði er tjón einhvers annars, að mestu leyti tjón lífeyrisþega.

Framsetning frumvarpsins að því er varðar mat á bótakröfum og uppgjöri bóta skv. 7. gr. er með þeim hætti að líklegt er að vörsluaðilum réttinda sjóðfélaga verði skylt að láta á það reyna hvort sú útfærsla á bótauppgjöri sem þar er sett fram standist grundvallarreglur íslensk stjórnskipunarréttar, s.s. 72. gr. stjórnarskrárinnar.


Verði frumvarp þetta að lögum og í kjölfarið slitum á IL-sjóði hrint í framkvæmd samkvæmt þeim reglum sem um ræðir er verulega hætt við því að við taki löng og kostnaðarsöm málaferli sem síst verði til þess fallin að bæta hvorki fjárhag né trúverðugleika íslenska ríkisins sem viðsemjanda.

LL vísa til umsagna sinna um mál þetta á fyrri stigum í samráðsgátt stjórnvalda, umsögn LL, dags. 9. maí 2023 um mál nr. S-78/2023 og umsögn LL dags. 21. nóvember 2023 um mál nr. 196/2023.

LL skora á fjármála- og efnahagsráðherra að draga áform um slit ÍL-sjóðs til baka og leitast við að ná færsælli lausn á vanda sjóðsins, eftir atvikum með samningum um uppgjör við kröfuhafa.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri